



1. Eignardómsmál

Eignardómsmál eru mál sem höfðuð eru til þess að fá dómsviðurkenningu á eignarrétti yfir fasteign, skipi, bifreið eða viðskiptabréfi. Þau er hægt að höfða ef aðili sannar eða gerir sennilegt að hann hafi öðlast réttindi yfir fasteign með samningi eða hefð, en hann skortir skilríki fyrir rétti sínum sbr. 1. málsgrein 122. greinar einkamálalaga númer. 91/1991. Varnarþing í eignardómsmálum fer eftir sérreglum í 2. mgr. 120. og 2. mgr. 122. gr. einkamálalaga nr. 91/1991.

Markmið eignardómsmáls er að gera stefnanda eins settan og ef hann hefði glatað heimildarbréf undir höndum eða afsal eða önnur skilríki fyrir eignarrétti yfir fasteigninni.

Vegna eðlis eignardómsmála, það er að segja að þeim er beint að óákveðnum manni, er það skilyrði að stefnanda megi ekki vera kunnugt um að hverjum hann gæti beint kröfu sinni. Er því til dæmis ekki hægt að höfða eignardómsmál eftir reglum XVIII. kafla einkamálalaga, sem fjallar um eignardóms- og ógildingarmál, ef fasteign sem stefnandi vill dóm um eignarrétt yfir er þinglýst eign manns sem hann ber við að hafi selt sér hana.

Eignardómsmál sætir sérstakri meðferð. Það hefst með því að stefnandi sendir dómara skriflega beiðni um viðurkenningu eignarréttar ásamt ljósriti af beiðninni. Ef dómari telur skilyrði til eignardóms ekki fyrir hendi synjar hann beiðninni með úrskurði. Ef beiðnin er tekin til greina, gefur héraðsdómari út stefnu þar sem kvaddur er hver sá er kynni að eiga réttindi yfir fasteigninni til að koma fyrir dóm með því að annars verði dæmt samkvæmt kröfu stefnanda. Stefnan er skrifuð í nafni dómarans og gefin út af honum. Er því eigi heimilt að höfða málið með utanréttarstefnu, en það er stefna sem gefin er út í nafni aðilans sjálfs. Stefnufrestur í þessum málum er ávallt einn mánuður frá birtingu stefnunnar sem stefnandi skal láta birta einu sinni í Lögbirtingarblaðinu, sbr. 3. mgr. 91. gr. eml. nr. 91/1991. Ef enginn mótmælir viðurkenningu eignarréttarins, skal eignardómur kveðinn upp, nema gallar á málatilbúnaði séu því til fyrirstöðu. Annars kostar sker dómur úr því hvort eignarrétt skuli viðurkenna eða ekki. Í stefnu eignardómsmála þarf m.a. að rökstyðja sérstaklega að skilyrði séu fyrir hendi til að leita eignardóms.

Fyrir útgáfu stefnu og þingfestingu ber að greiða dómsmálagjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991.